

Ed.

292. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og hjeradsnefnda.

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

2. málsg. 16. gr. laga nr. 36, 16. nóv. 1907, orðist svo:
Safnaðarfulltrúar hafa 6 krónur fyrir hvern dag, sem þeir eru utan

heimilis síns vegna hjeradsfunda. Í þeim sóknum, þar sem söfnuðurinn hefir ekki tekið að sjer umsjón og fjárhald kirkjunnar, jafnar sóknarnefndin kostnaði þessum niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 36, 16. nóv. 1907, er þóknun sú, sem safnaðarfulltrúum er ákveðin fyrir að sækja hjeradsfund, aðeins 3 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að heiman vegna fundarhaldsins.

Þótt þóknun þessa hafi sjálfsgagt mátt telja hæfilega á þeim tíma, sem hún var ákveðin, þá eru kringumstæður nú svo breyttar orðnar, að hún getur ekki lengur talist sómasamleg.

Þess vegna var það þá líka, að síðasti aðalfundur Prestafjelags Íslands, 26. júní f. á., skoraði á stjórn þess að gangast fyrir því, að dagpeningar safnaðarfulltrúa á hjeradsfundi fengjust hækkaðir.

Samkvæmt þessari áskorun hefir stjórn Prestafjelagsins látið þá ósk uppi, að lagabreyting yrði gerð í þessu efni. Og er það aðalástæðan til þess, að frumvarp þetta er hjer fram borið.